

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 — 1988

14. mars 1988

323

Nr. 132

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 50 1. febrúar 1988 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Í 1. gr. reglugerðarinnar komi í stað tollskrárnúmers 2106.9039:

Tollskrárnúmer:

2106.9029

2106.9039 Tilbúinn rjómi, mjólk og mjólkurduft.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 14. mars 1988.

Dórhallur Ásgeirsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

8. mars 1988

Nr. 133

REGLUGERÐ

um bann við veiðum um páskahelgi 1988.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 26. mars 1988 til og með 4. apríl 1988, er bátum sem eru minni en 10 brl. og stunda eingöngu línu- og handfæraveiðar, óheimilt að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Á tímabilinu frá kl. 20.00 29. mars 1988 til kl. 10.00 árdegis 5. apríl 1988 er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

3. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988—1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

B 23

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988—1990, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. mars 1988.

F.h.r.

Jón B. Jónasson.*Pórður Eyþórsson.***AUGLÝSING**

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli
á frystri vélskelflettri rækju á framleiðslutímabilinu
frá 1. janúar 1988 og þar til annað verður ákveðið.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri vélskelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. janúar 1988 og þar til annað verður ákveðið:

Vélskelflett rækja:	SDR pr. lb. cif.
Færr en 350 stk. í lb.:	
Blokkfryst	3,55
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3,55
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,71
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,12
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,33
Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkað:	
Blokkfryst	3,38
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð	3,38
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,55
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,92
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,12

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1988.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.*Kristín Magnússon.*